

## Útfylling og birting GBER eyðublaðs

Samkvæmt [reglugerð \(ESB\) um almenna hópundanþágu](#)<sup>1</sup> (GBER) sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn ber íslenskum stjórnvöldum að taka saman til birtingar upplýsingar um ríkisaðstoðarráðstafanir sem felldar eru undir ákvæði reglugerðarinnar. Það er gert á þar til gerðu [eyðublaði fyrir samantekt upplýsinga](#) (e. Summary Information Sheet).<sup>2</sup>

Í tíð eldri reglugerðar um sama efni<sup>3</sup> var sá háttur hafður á að útfylltum eyðublöðum var komið á framfæri við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), sem kom eyðublöðunum í birtingu í Stjórnartíðindum ESB og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB. Fyrirkomulaginu hefur nú verið breytt á þann veg að ESA birtir útfyllt eyðublöð á vef sínum [www.eftasurv.int](http://www.eftasurv.int), undir *State aid / Register / GBER information sheets*.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið kemur útfylltu eyðublaði á framfæri við ESA og veitir því stjórnvaldi sem ber ábyrgð á eða fer með framkvæmd ráðstafana aðstoð við að fylla út eyðublaðið. Hafi stjórnvöld gengið úr skugga um að skilyrði GBER séu uppfyllt og sent eyðublaðið til birtingar teljast viðkomandi ráðstafanir samrýmast framkvæmd EES-samningsins, sbr. einkum 61. gr., og eru þær undanþegnar tilkynningarskyldu til ESA.

Rétt er að taka fram að þótt birting eyðublaðsins sé eitt af skilyrðunum fyrir beitingu hópundanþága um ríkisaðstoð, felst ekki í henni trygging fyrir því að ráðstafanir samrýmast ákvæðum reglugerðarinnar. Þannig ber stjórnvöldum að gæta þess að almenn skilyrði reglugerðarinnar (í I. kafla) og skilyrðin sem eiga við um viðkomandi flokk aðstoðar séu uppfyllt og útlístuð fyrir aðstoðarþegum, t.d. í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

Stjórnvöldum ber að halda utan um gögn sem varða viðkomandi aðstoðarráðstafanir í 10 ár. ESA hefur heimild til að kalla eftir upplýsingunum á því tímabili við eftirlit með því að framkvæmd ráðstafana samrýmast ákvæðum reglugerðarinnar.<sup>4</sup>

---

<sup>1</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 21. maí 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 107. og 108. gr. sáttmálans. Á ensku gengur gerðin undir nafninu General Block Exemption Regulation (GBER).

Í [fréttatilkynningu ráðuneytisins 1. júlí 2014](#) er farið yfir efni reglugerðarinnar og vísað til ákvörðunar EES-nefndarinnar um upptöku gerðarinnar í EES-samninginn og aðlögun hennar.

<sup>2</sup> Sjá nánar í a-lið 11. gr. GBER. Í b-lið 11. gr. er mælt fyrir um að upplýsingar um veitta aðstoð næstliðins árs skuli teknar saman vegna viðkomandi aðstoðarkerfis eða stakrar aðstoðar. Þær upplýsingar eru sendar árlega til fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem kemur þeim á framfæri við ESA.

<sup>3</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 87. og 88. gr. sáttmálans.

<sup>4</sup> Sjá 12. gr. GBER.

## Textafrágangur

Það stjórnvald sem ber ábyrgð á eða fer með framkvæmd ráðstafana skal tryggja að eyðublaðið veiti sem nákvæmastar og réttastar upplýsingar. Þannig ber að vísa í rétt ákvæði GBER og tilgreina nauðsynlegar staðreyndir um ráðstafanir og innlendan lagagrundvöll.<sup>5</sup>

Eyðublaðið á einungis að innihalda upplýsingar um þau atriði sem á að birta. Það þýðir að eyða þarf öllum dálkum og reitum sem ekki eiga við um viðkomandi ráðstafanir. Loks er til þess ætlast að ekki séu gerðar breytingar á leturgerð og sniðmáti eyðublaðsins. Eyðublaðið á að vera uppsett sem hér segir:

- Sama letur og leturstærð í öllu skjalinu, Times New Roman 11.
- Þegar texti er afritaður yfir á eyðublaðið skal gæta þess að snið textans sé eins og í eyðublaðinu. Eyðublaðið skal vera laust við *skáletrun* og **feitletrun**.
- Texti skal vera á ensku, sem er vinnumál í samskiptum við ESA, að því frátöldu að unnt er að tilgreina íslensk heiti laga eða stjórnvaldsfyrirmæla í neðanmálgrein.
- Ekki á að nota Enter takkann í dálkum til að byrja nýja línu, nægt pláss er fyrir texta í hverjum dálki.
- Punktur er notaður til að tákna tugabrot (dæmi: ISK 15.5 million) en komma til að tákna þúsundaskil (dæmi: ISK 1,500,000).
- Gæta skal þess að pósthöfundur stjórnvaldsins sem veitir aðstoðina sé rétt skrifað:
  - Gata og götunúmer / pósthólf.
  - Póstnúmer og sveitarfélag.
  - Iceland.
- Eyða skal öllum reitum og dálkum sem ekki eru notaðir.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið veitir frekari upplýsinga sé þess óskað.<sup>6</sup>

---

<sup>5</sup> [Hér má nálgast](#) útgáfu af GBER eyðublaðinu með neðanmálgreinum sem skýra sum atriðin sem koma fyrir í því.

<sup>6</sup> Leiðbeiningar þessar byggja á texta frá skrifstofu samkeppnismála og ríkisaðstoðar hjá ESA.